

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 3. desember 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-53/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 15. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hún telur vera á sófa, sem hún keypti Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum, auk skaðabóta.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 7. ágúst sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 21. ágúst. Hvorki andsvör né frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 1. desember, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að í nóvember 2009 keypti álitsbeiðandi sérsmíðaðan brúnan leðurlíkissófa af seljanda fyrir kr. 263.600. Segir álitsbeiðandi að við kaupin hafi seljandi sérstaklega tekið fram að áklæði sófans væri sérstaklega slitsterkt og að það ætti að vera sterkara en leður. Segir álitsbeiðandi að þetta hafi ráðið því að umrætt áklæði varð fyrir valinu. Segir álitsbeiðandi að í apríl 2013 hafi verið farið að sjá verulega á áklæði sófans og því haft samband við seljanda. Eftir að hafa kvartað nokkrum sinnum hafi seljandi síðan boðist til að panta nýtt áklæði á sófann erlendis frá og í kjölfarið að skipta um áklæðið. Átti afhendingartíminn að vera 6 vikur. Ekkert hafi hins vegar orðið úr þessu, þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir álitsbeiðanda um framvindu. Segist álitsbeiðandi loks hafa leitað til Neytendasamtakanna og hafi samtökin haft milligöngu í málinu, en án árangurs.

Gerir álitsbeiðandi þá kröfu að kaupunum verði rift. Einnig krefst hún þess að seljandi greiði sér skaðabætur sem nemi flutningskostnaði á sófanum. Telur álitsbeiðandi ljóst að sófinn sé haldinn galla og vísar máli sínu til stuðnings í bréf frá bólstrara sem skoðaði sófann.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er greiðslustaðfesting frá viðskiptabanka vegna kaupa á sófanum, dags. 17. desember 2009, afrit af vörufylgibréfi vegna flutnings á sófanum, að fjárhæð kr. 14.883, ljósmyndir af sófanum og afrit af bréfi frá bólstrara, dags. 13. maí sl.. Í bréfinu kemur fram að bólstrarinn hafi skoðað sófa álitsbeiðanda, síðan segir orðrétt: „Útlit sófans ber með sér góða meðferð og umgengni. Slit á sófa eftir þúða hægra megin virðist mjög óeðlilegt og yfirborð á leðurlíki hefur flagnað af á stórum fleti og virðist það ekki vera eðlilegt slit.“

#### **IV**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Seljandi hefur ekki sent kæruneftndinni andsvör og verður að því er atvik málsins varðar að byggja á því sem kemur fram í þeim gögnum sem álitseiftandi hefur sent nefndinni.

Eins og að framan er rakið keypti álitseiftandi sérsmíðaðan sófa af seljanda í nóvember 2009 fyrir kr. 263.600. Í apríl 2013 segist álitseiftandi hafa kvartað undan því við seljanda að áklæði sófans væri farið að láta verulega á sjá. Munu aðilar hafa komist að samkomulagi í ágúst s.á. um að seljandi skipti um áklæði sófans. Þegar ekkert varð um efndir leitaði álitseiftandi til Neytendasamtakanna. Þrátt fyrir milligöngu þeirra komst ekki niðurstafa í málið sem álitseiftandi sætti sig við.

Sem fyrir greinir telur álitseiftandi áklæði sófans gallað. Máli sínu til stuðnings hefur hún lagt fram skjal frá bólstrara sem skoðaði sófann og taldi áklæði hans óvenju slitið miðað við aldur sófans, umgengni og ástand almennt.

Um galla er fjallað í 15. og 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef „hann sé ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr.” Í b-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.” Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða” eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna. Er það álit kæruneftndarinnar að galli sé á áklæði sófans í skilningi 1. mgr. 16. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 15. gr. sömu laga, og má þar um vísa til álit hús-gagnabólstrara sem rakið er að framan. Um er að ræða hlut sem kaupandinn mátti ætla að entist gallalaus í mun lengri tíma en raunin varð. Þetta leiðir til þess að líta verður svo á að álitseiftandi hafi átt rétt á kvörtunarfresti samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, þ.e. í 5 ár, þar sem um er að ræða vöru sem búast má við að hafi að miklum mun lengri endingartíma. Álitseiftandi kvartaði við seljanda innan þessa frests.

Eins og að framan segir er það álit kæruneftndarinnar að nægilega sé í ljós leitt að leðursófasett það sem álitseiftandi keypti af seljanda sé gallað. Göllunum er þannig háttáð að telja verður töluverðar líkur á að þeir eigi eftir að aukast að umfangi, en þeir hafa smám saman verið að koma í ljós. Verða gallarnir þannig að teljast verulegir.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 er kveðið á um úrræði neytanda vegna galla á söluhlut. Álitseiftandi kveðst gera þær kröfur á hendur seljanda að hún fái sófasettið endurgreitt. Þá krefst hún skaðabóta sem samsvarar fjárhæð flutningskostnaðar vegna sófans, kr. 14.883. Þessar kröfur rúmast innan ákvæða 26. gr. laga nr. 48/2003, en samkvæmt þeirri lagagrein getur neytandi einnig krafist afsláttar. Samkvæmt greiðslustaðfestingu vegna kaupa á sófasettinu, dags. 17. desember 2009, kostaði sófinn kr. 263.600. Kæruneftndin álitur að álitseiftandi eigi rétt á því, þar sem telja verður gallana ekki óverulega, að rifta kaupunum og að fá kaupverðið endurgreitt, sbr. d. líð 1. mgr. 26. gr. og 32. gr. laga nr. 48/2003. Í þessu tilviki ber álitseiftanda að skila seljanda sófasettinu. Við endurgreiðslu kaupverðs ætti að taka tillit til þess að álitseiftandi hefur haft not af sófanum sem ber að meta seljandanum til tekna til frádráttar fjárhæð endurgreiðslunnar, sbr. 1. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003. Á móti kemur að seljanda ber að greiða vexti af þeim hluta kaupverðsins sem endurgreiddur er, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Miðað við að álitseiftandi hefur haft veruleg not af sófanum álitur nefndin að hæfileg endurgreiðsla til hans sé kr. 160.000 og er þá gert ráð fyrir að vextir skv. 50. gr. laga nr. 48/2003 séu innifaldir í þeirri fjárhæð. Þá er það álit kæruneftndarinnar að álitseiftandi eigi rétt á afslætti af kaupverðinu samkvæmt ákvæðum c. líðar 26. gr., sbr. 31. gr. laga nr. 48/2003, kjósi hún ekki að rifta kaupunum. Hvað varðar bótakröfu álitseiftanda telur nefndin að álitseiftanda hafi ekki tekist að sýna fram á að hún hafi beðið sérstakt tjón vegna gallans í skilningi 33. gr. laganna.

Kæruneftndin telur rétt að benda á að bú seljanda var tekið til gjaldþrotaskipta hinn 17. september sl.

V

**Álitsorð**

Álitsbeiðanda, X, er heimilt að rifta kaupum á sófa þeim er hún keypti af seljanda, Y, í nóvember 2009.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir